

1983 nr. 79 28. desember**Lög um innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs**

Tóku gildi 30. desember 1983. Breytt með l. 117/1989 (tóku gildi 30. des. 1989; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 15. gr.) og l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **fjármála- og efnahagsráðherra** eða **fjármála- og efnahagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** Til þess að afla innlends lánsfjár í samræmi við heimildir fjárlaga eða lánsfjárlaga hverju sinni er [ráðherra]¹⁾ fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að gefa út til sölu skuldarviðurkenningar ríkissjóðs í formi ríkisskuldabréfa, spariskírteina og ríkisvixla.

¹⁾ L. 126/2011, 98. gr.

■ **2. gr.** Ríkisskuldabréf og spariskírteini má gefa út með verðtryggingu miðað við vísitölu sem [ráðherra]¹⁾ ákveður, gengi erlendra gjaldmiðla eða hin sérstöku dráttarréttindi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (SDR). [Ráðherra]¹⁾ er heimilt að

ákveða lánskjör þessara bréfa og er ekki bundinn við almennar vaxtaákvörðanir Seðlabanka Íslands við þá ákvörðun.

□ [Ráðherra]¹⁾ getur ákveðið að gefa út ríkisvixla sem greiðast skulu eftir ákveðinn tíma frá útgáfudegi, sem þó má ekki vera lengri en 12 mánuðir. [Ráðherra]¹⁾ getur ákveðið forvexti af vixlum þessum. Hann getur einnig ákveðið í stað forvaxta að vixlar þessir verði seldir á almennum markaði, þar á meðal samkvæmt tilboðum. Um vixla þessa skulu gilda almennar reglur laga um eiginvixla.

¹⁾ L. 126/2011, 98. gr.

■ **3. gr.** Lánskjöl skv. 2. gr. skulu vera stimpilgjaldsfrjáls. . . .¹⁾

□ [Ráðherra]²⁾ getur falið Seðlabanka Íslands að annast útgáfu og sölu lánskjala skv. 2. gr.

□ [Ráðherra]²⁾ er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

¹⁾ L. 117/1989, 15. gr. ²⁾ L. 126/2011, 98. gr.

■ **4. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.